

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2001

18. september 2001

1911

Nr. 688

REGLUGERÐ

um útgáfu húsbréfa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð.

1. gr.

Á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál gaf Íbúðalánasjóður út 1. og 2. flokk húsbréfa frá árinu 1998. Útgáfa flokkanna hófst á árinu 1998 og stóð fram á árið 2001.

Húsbréfin í hverjum flokki skulu gefin út í fjórum undirflokkum, þ.e. A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð 1.000.000 kr., í undirflokki B 100.000 kr., í undirflokki C 10.000 kr. og í undirflokki D 1 kr. Vextir í 1. og 2. flokki 1998 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 25 ár og í 2. flokki 40 ár.

Bréf í undirflokki D skulu vera rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og skulu notuð í skiptum fyrir bréf úr undirflokkum A, B og C við rafræna eignarskráningu þeirra. Við skiptin skal skrá jafn margar einingar af undirflokki D og sem nemur nafnverði þeirra húsbréfa í undirflokki A, B og/eða C sem afhent eru til rafrænnar eignarskráningar.

Samanlögð fjárhæð samþykkttra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 30.142 milljónir króna á árinu 2000 miðað við reiknað markaðsvirði húsbrefanna. Þannig skal samanlögð fjárhæð samþykkttra skuldabréfaskipta 1998, 1999, 2000 og 2001 úr 1. og 2. flokki húsbréfa 1998 ekki fara umfram 83.849 milljónir króna miðað við fyrrnefnt reiknað markaðsvirði.

Reiknað markaðsvirði skal ákvarðað þannig að mánaðarlega verði fundið sennilegt nafnverð þeirra húsbréfa, sem skipta á fyrir fasteignaveðbréf og skal það ákvarðast með hliðsjón af meðaltali reiknaðs verðs húsbréfa í viðkomandi mánuði. Þannig fundið reiknað nafnverð húsbréfa skal síðan reikna til markaðsvirðis miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi flokks á Verðbréfapíngi Íslands, að viðbættum 6 punktum (0,06%). Hafi engin viðskipti átt sér stað með viðkomandi húsbrefaflokk í þeim mánuði, sem útreikningar ná til, skal reikna meðalviðskiptaverð út frá ávöxtunarkröfu sambærilegs húsbrefaflokks á Verðbréfapínginu, að viðbættum 6 punktum.

2. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokkanna er vísitala desembermánaðar 1997.

3. gr.

Íbúðalánasjóður greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. desember 1997 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. desember 1997.

4. gr.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbref flokkanna að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. september 1998. Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 1. september 2001. Dregin verða út númer úr gildum óinnleystum húsbrefum, sem afgreidd hafa verið þremur mánuðum fyrir viðkomandi gjalddaga. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð, sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkana gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbrefa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Verði húsbref ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. desember 2022 og 2. flokks 15. desember 2037. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 21., 22., 24. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbrefa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15